Nr. 392 17. apríl 2007

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frístundabyggð í landi Haukadals II, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. apríl 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 35 ha svæði úr landi Haukadals II, sem afmarkast af Tungufljóti í austri, náttúruverndarsvæði í suðri, frístundasvæði í vestri og vegi nr. 35 í norðri, breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. apríl 2007.

F. h. r.
Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007